

**Nd.**

**187. Frumvarp til laga**

um breyting á og viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Á eftir „Laugarvatn í Árnessýslu“ í 1. gr. laganna kemur: Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði.

2. gr.

Á eftir 1. málslíð 4. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svo hljóðandi:  
Í reglugerð fyrir héraðsskólann í Reykjanesi má kveða svo á, að námstíminn sé ekki yfir þrjá mánuði árlega, en þó skulu próf frá skólanum miðuð við, að nemendur hafi notið kennslu í sex mánuði. Undanþága þessi gildir þó aðeins til ársloka 1942.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er heimilt að greiða Reykjanesskóla þegar rekstrarstyrk fyrir skólaárið 1936—1937.